

## Fyrirspurn

til samgönguráðherra um símtöl milli farsímakerfa.

Frá Söndru Franks.

1. Hve mikið hækkar verð á símtali í farsíma ef hringt er milli farsímafyrirtækja hér á landi?
2. Hverjar er ástæður þess að kostnaður eykst þegar hringt er milli kerfa?
3. Hversu mikill kostnaður leggst samtals á farsímanotendur á hverjum sólarhring vegna hringinga milli kerfa innan lands og hversu hátt hlutfall er það af heildarkostnaði við farsímahringingar innan lands á sólarhring?
4. Er tæknilega mögulegt að koma upp búnaði sem gerir farsímanotendum viðvart um aukinn kostnað þegar þeir hringja á milli kerfa?
5. Ef svo er, hyggst ráðherra beita sér fyrir því að farsímafyrirtæki taki slíkan búnað upp og þá hvernig?

**Skriflegt svar óskast.**